



**Ávarp
Forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu Nordiske Arkivdagar
Reykjavík
7. ágúst 2003**

Heiðruðu ráðstefnugestir.
Kæru norrænu vinir

Það er sannarlega vel við hæfi að koma saman á Íslandi til samræðna um temað „Arkiven ut till folket” því leitun er að landi þar sem þjóðin hefur talið sérhvert gamalt skjal til sinnar eignar.

Handritin frá fornum tímum, máldagar, skjöl biskupsstólanna gömlu á Hólum og í Skálholti, réttargögn sýslumanna og frásagnir Íslendingasagna af samningum og sáttargjörð – allt var þetta til vitnis um hið lýðbundna stjórnkerfi sem stofnað var til á Þingvöllum fyrir röskum þúsund árum og var við góða heilsu í nokkrar aldir uns konungsvaldinu tókst smátt og smátt að ná undirtökum.

Kannski er Landnámabók, elsta heimildin um Íslandsbyggð, lýsing á því hvernig norrænir víkingar helguðu sér land í öllum héruðum Íslands, rakning ætta þeirra, greinargerð um fylgdarlið og umsvif, fyrsta þjóðskjalið í sögu okkar, að vísu klætt í bókmenntalegri búning en nú tíðkast en engu að síður í senn manntal, eignaskrá og búsetuskýrsla – verk sem öll íslensk börn kynnast enn í skólum og landsmenn grípa til á góðum stundum.

Sagan, þjóðveldið til forna, blómatími fyrstu alda og síðar atburðir á konungsskeiði urðu grundvöllur sjálfstæðisbaráttunnar, sjóður réttlætinga sem nýttur var til að rökstyðja kröfur um aukið vald Íslendinga í eigin málum – og foringi sjálfstæðisbaráttunnar Jón Sigurðsson var einn fremsti sérfræðingur sinnar tíðar í þjóðskjalafræðum og höfundur lærðra ritgerða sem byggðu á skjölum fyrri alda.

Við Íslendingar vitum vel að án þekkingar Jóns Sigurðssonar á gömlum skjölum og leikni við að nýta þau væri óvíst að

sjálfstæðisbaráttan hefði orðið svo árangursrík. Skjalasöfnin voru uppspretta pólitísku valds, áhrifa sem að lokum færðu okkur fullveldi og rétt til jafns við aðra.

Að þessu leyti má segja að tema dagsins „Arkiven ut till folket” hefði getað verið hið pólitíska slagorð íslenskrar sjálfstæðisbaráttu fyrir 150 árum og á okkar tímum samgróið viðhorfinu til skjalavörslu á vettvangi hins lýðræðislega samfélags. Skjölín geyma vald og hinn opni aðgangur allra var lögmál sem gerði Íslendingum kleift að sækja sér sjálfstæði á sínum tíma.

Þjóðskjalasafn okkar Íslendinga hefur ætíð verið vettvangur þar sem alþýða manna hefur átt greiðan aðgang; bændur og verkamenn setið þar grúskandi í skjalabunkum til jafns við hámenntaða fræðimenn; í lestrarsalnum sitja sjómenn í næsta bás við doktorana.

Vissulega höfum við einnig kynnst regluverki, boði og bönnum sem urðu fylgifiskar þróunar ríkisvaldsins, einkum þegar hatrömm stéttaátök og kalda stríðið heltóku hugann á síðustu öld og festar voru í sessi margvíslegar hindranir sem takmarka áttu aðgang og koma í veg fyrir opna umræðu í áratugi. Forsendan var oftast sú að aðild almennings að upplýsingum væri hættuspil og því yrði ríkisvaldið að verja sig. Skjalasöfnin urðu þá að varðstöðvum og skjalaverðirnir einskonar heimavarnarlið ráðamanna.

Þessi þróun varð um tíma allsráðandi án þess að nokkurn tíma færi fram ítarleg umræða um hvort hún samræmdist grundvallarreglum lýðræðisins, án þess að spurt væri um rétt fólksins, um eðli ríkisins á okkar tímum.

Togstreitan milli ríkisvalds og lýðræðis er kannski kjarninn í umræðunni um hvort og hvernig við komum þeirri skipan á að geta sagt með sanni: „Arkiven ut till folket”.

Afstaðan til hins lýðræðislega samfélags hlýtur að verða leiðarljós í svörunum sem gefin verða. Og hér kemur tæknin einnig við sögu því nú á hinn almenni borgari kost á að leita upplýsinga um veröld víða; getur sótt sér efnivið sem skákar gagnasafni valdhafanna.

Það er því ekki lengur sú sama vörn í skjalasöfnum og áður var. Almennigur getur búið yfir öflugri vopnum en skriffinnarnir sem kerfinu ráða. Einbeittur einstaklingur sem leitar í gagnasöfnum sem tæknin hefur nú opnað aðgang að getur borið sigur úr bítum í hólmgöngu við hina æðstu ráðamenn – líkt og Jón Sigurðsson gróf undan valdi konungs með yfirlegu í skjalasöfnum; og Íslendingar uppskáru sjálfstæði sem sigurlaun.

Umræða ykkar er því í senn ögrandi og brún og hún getur sótt margháttadan efnivið í grundvallarrit í heimspekisögu Vesturlanda, allt frá Aþenu og Róm til okkar daga, varpað nýju ljósi á svörin við hinni sígildu spurningu um mörk valdsins og rétt fólksins, um eðli hins opna lýðræðislega samfélags.

Ísland er líka, eins og ég hef hér stuttlega lýst, kjörinn vettvangur fyrir slík skoðanaskipti því saga okkar að fornu og nýju getur gefið fjölpætt dæmasafn, efnivið til að sannreyna svörin.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomið til landsins okkar og mun af athygli fylgjast með niðurstöðum af umræðum ykkar. Vonandi verður hin einstæða birta sem um þessar mundir einkennir Ísland til að opna okkur öllum nýja sýn.